

Áföll og viðbrögð við þeim

Áfallaráð Tjarnarskóla

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri; s. 8916899 hs. 5689951

Skólahjúkrunarfræðingur, Ásdíst Eckhardt; s. 6998785

Prestar Dómkirkjunnar; s. 5209700

Ef áföll verða í nemenda- eða kennarahópnum á skólatíma þá ber að koma upplýsingum án tafar til skólastjóra eða annarra starfsmanna skólans.

Skólastjóri hefur samband við nánustu aðstendendur. Ef nemandinn/starfsmaðurinn þarf að fara á slysavarðstofu fer starfsmaður skólans með nemandanum/starfsmanninum ef foreldri/-forráðamanni/aðstandanda gefst ekki tími til að komast í tæka tíð.

Ef um slys á starfsmanni skólans er að ræða ber að tilkynna atvikið til lögreglu sem kemur á vettvang og gefur skýrslu um slysið.

Tjarnarskóli er lítill vinnustaður þar sem mikill samhugur og gott samstarf er í fyrirrúmi. Skólastjóri hefur ávallt veg og vanda af því að bregðast við þeim áföllum sem upp koma hverju sinni. Fagmenn eru kallaðir til eftir því hvers eðlis áfallið er. Hjúkrunarfræðingur skólans kemur einu sinni í viku í skólann, en hægt er að kalla hann til ef þarf. Prestar Dómkirkjunnar eru okkar næstu nágrannar og leggja okkur lið þegar þeirra er þörf. Metið er hverju sinni og eftir því hvers eðlis áfall er hvort kalla þurfi til sérfræðiaðstoð s.s. sálfræðing. Góð nærvera, viðmót, hlustun og spjall við nemendur/starfsfólk er hin gullna regla þegar áföll af einhverju tagi koma upp. Foreldrahópurinn er einnig upplýstur þegar svo ber við, s.s. ef andlát/alvarlegt slys ber að höndum í Tjarnarskólasamfélaginu.